

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samgöngustjóri hefur, í samræmi við 2. gr. í viðauka 2.7 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar nr. 1020/2019, sbr. 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd Reykjavíkurborgar:

- Að sjö bifreiðastæði sunnan megin í Stórholti, beggja vegna Þverholts, verði merkt sem biðstæði fyrir leigubifreiðar.
- Að bifreiðastæði norðan megin í Stórholti, milli Þverholts og Rauðarárstígs, verði merkt sem biðstöð hópibifreiða, safnstæði.
- Að akstur vörubifreiða sé bannaður í Árskógum. Undanþegin slíku banni er akstur vörubifreiða að lóðum við Árskóga.
- Að eitt bifreiðastæði við Brekkuhús 1 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Skrifstofu stjórnarsýslu og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, 10. júní 2024.

Harpa Fönn Sigurjónsdóttir lögfræðingur.

B-deild – Útgáfudagur: 25. júní 2024